

Haraldur Jónsson (Hölvutekning af Hella/digital rendition of Hella); Með leyfi listamannsins/Courtesy of the artist.



Silence

# Pögn

Finnbagi Pétursson  
Finnur Arnar Arnarson  
Haraldur Jónsson  
Harpa Árnadóttir

Sýningarstjóri/  
Curator  
JBK Ransu

Hafnarhús  
7. febrúar – 27. apríl, 2008



Harpa Árnadóttir (nærmynd af innsetningunni í Hafnarhúsi/detail view of the installation at Hafnarhús) Ljósmynd/Photo: Brooks Walker

# Í auga hvirfilbýlsins

„Shut up! Shut up! ... Shut up!“

Robert De Niro sem Jake LaMotta í Raging Bull

Kvikmyndin Raging Bull er ein sú magnaðasta sem ég hef augum litið. Hún er sáddaleg og ofbeldisfull og er sjálfhverf söguhefjan, boxarinn Jake LaMotta, sem Robert De Niro túlkar af einstakri snilld, einhver leiðinlegasti karakter sem fyrirfinnst í kvikmyndasögunni. Boxatriði myndarinnar eru stórbrotin, sérstaklega hatróm átök LaMotta og Sugar Ray Robinson. Í annari viðureign þeirra (þeirri fyrstu sem sést á tjaldinu) leggja þeir allt undir. Þeir skiptast á að hafa yfirhöndina. En þegar bjallan klingir í áttunda lotu ræðst LaMotta að andstæðingi sínum af áfergju. Hann slær sem óður maður og með kvikmyndavélina í nærmynd má sjá á einbeittu en dýrslegu andlitinu að hann ætlar að gera út um leikinn. Í eitt augnablik, eins og til að elta högginn, hverfur kvikmyndavélin frá andlitu hans og út í myrkur áhorfendosalarins. Ljósglætur renna hjá, líkt og þegar maður situr í neðanjarðarlest og starir út um gluggann, og aftur hverfur myndin í myrkur. Maður veit að höggvið kemur en augnablikið á milli orsakar og afleiðingar er sem fimaldast tím á milli tveggja hugsana. En jafn skyndilega og hver ánnur hugsun birtist andlit LaMotta aftur á tjaldinu, nú frá öðru sjónarhorni. Höggvið skellur á Robinson sem fellur út úr hringnum. LaMotta bakkar út í horn. Myndskeiðið fer í hæðagang og umhverfið hljóðnar. Það heyrst daufr ömur af hrópum áhorfenda. LaMotta fnæsir og slær saman hönskum. Allt er kyrrt og sigur bráðlynda bolans er í höfn. Ég hef ekki tölu yfir það hve oft ég hef horft á þetta atriði. En ég hef spólað á það aftur og aftur á DVD-tækinu mínu til að minna mig á að í hringiðu geðshræringa, ofbeldis og ringulreiðar er þögn.

Þögn er sjaldan gert hátt undir höfði í menningarheimi okkar þar sem sjónrænt og tilfinningalegt áreiti er mikið og hvarvetna eru imyndir og orð sem kalla eftir athygli svo margur á í stökustu vandræðum með að hvíla huga sinn á einum stað. Að sitja kyrr, án þess að gera nokkurn skapaðan hlut í fœinar mínútur, kann jafnvel að reynast mönnum ofviða. Að þessu leyfi er þögn annarskonar áreiti en þau orð og imyndir sem leita til okkar í umhverfinu. Áreiti þagnar er innvortis þar sem hún kallar eftir aðgerðaleysi og er þess vegna á skjön við viðtekin glídi samfélagsins. Samt er hún forsenda þess að geta meðtekið upplýsingar og upplifað undur og fegurð með galopnum skilningarvitum.

Fyrir sýninguna „Þögn“ hafa fjórir annálaðir myndlistarmenn, þau Finnbogi Pétursson, Finnur Arnar Arnarson, Haraldur Jónsson og Harpa Árnadóttir gefið sig á vald þagnar og unnið listaverk þess efnis. Þau nálgast viðfangsefnið á ólíkan hátt en markmið þeirra er sameiginlegt: Að skapa vettvang þar sem þögn ríkir.

Haraldur Jónsson hefur löngum fengist við þögn í formi hins ósýnilega og notað við hljóðeinangrunarefni í skúlptúr og innsetningar. Hann vinnur þannig markvisst með upplifun á þögn í rými. Myrkur er Haraldur hugleikið, þar sem tómarímið er algjert og „ekkert“ er, sem hefur að sama skapi ótakmarkaða möguleika til að verða „eithvað“. Framlag Haraldar til þagnar nefnist „Hella“ og er veggverk úr hljóðeinangrandi efni og hefur þar af leiðandi bein áhrif á hljómburð í rýminu. Það hefur einnig formræna vísun til svæðisins en verkið er formað eftir grunnmynd Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, sem arkitektúr horfinn í svarthol.

Harpa Árnadóttir vakti snemma athygli fyrir hæglát málverk með blábrigðum í hvítu sem eru „þögult ferli í sjálfu sér, líkt og andardráttur. Titill innsetningar Hörpu, „Þau hanga á himnadrökunum, (tárin) / stend um stund undir regnþaki“, er til merkis um ljóðræna nálgun listakonunnar. En Harpa leitar á náðir naumhyggju (minimalism) og búa verk hennar, málverk, textar, skúlptúrur og glerverk, yfir hverfuleika og tilfinningalegri kyrrð.

Þögn í verkum Finns Arnars Arnarsonar er fengin úr hversdagsleikanum. Í vikunni fyrir sýningaropnun flutti hann inn í sýningarinn, svaf þar og át kost sinn í einveru. Á opnunardaginn flutti hann á brott en skildi eftir slóð sína, leifur daglegra athafna eða ósýnilegra drauma sem enn kunna að svifa í loftinu. Hér er þögnin af tilvistarlegum toga, ára þess sem var en er ekki lengur.

Finnbogi Pétursson er flestum þekktur fyrir umfangsmikil hljóð og rýmisverk sem vísa til náttúruaflla. Þögn í verkum Finnboga skapast á milli hljóðs og hreyfingar, á milli orsakar og afleiðingar.

Finnbogi er tæknirómantíker (techno-romantic) og teflir saman náttúrulegum og tæknilegum eða vélrænum mikilfengleika (androgynous sublime). Verk hans, „Stund“, lýtur sömu lögðálum og camera obscura, sem er frumaðferð ljósmyndatækninnar. Verkið er uppsett í samskonar mælieiningum og tíðkast í kvikmyndagerð, þ.e. 25 ramma á sekúndu, og er hugsað sem myndgerð fimaleining, eða kyrrðarstund.

Listaverkin á sýningunni eru staðbundin. Þau klæða rýmið hjúp sem verður sem gríðastaður frá hringiðu daglegs amsturs og ytra áreitis. Og líkt og bráðlyndi bolinn í hlutlausu horni boxhringsins, stöndum við í auga hvirfilbýlsins.

JBK Ransu



Finnur Arnarsson / An seldu, Unfiled. Maki leyfi listamanninn/Courtesy of the artist

# In the Eye of the Tornado

"Shut up! Shut up! ... Shut up!"

Robert De Niro as Jake LaMotta in *Raging Bull*

*Raging Bull* is one of the most magnificent films I've ever seen. It is rude and violent and the self-centred hero, the boxer Jake LaMotta, is one of the most annoying characters in the entire history of moviemaking. The boxing scenes are impressive, especially the intense fights between LaMotta and Sugar Ray Robinson. In their second match (the first that we see on the screen) they risk all for the win. The advantage swings from one to the other. But when the bell rings in the eighth round, LaMotta ferociously attacks his opponent. He hits like a madman and in a close-up shot the viewer can see in his beastly face his determination to end the match. For a moment, as if to follow the blows, the camera turns from his face and shows us the darkness of the arena. A gleam of light runs by as if you were sitting on a subway train and staring out of the window. Then all gets dark again. You know that the blow will come, but the moment between cause and effect is like a timeless void between two thoughts, and as suddenly as any thought the face of LaMotta appears on the screen again, but now from another angle. The blow hits Robinson, who falls out of the ring. LaMotta retreats into the neutral corner. The scene is now in slow motion and there is silence all around. The muffled sound of the audience shouting is heard. LaMotta fumes and punches his gloves together. All is silent and the raging bull has secured the win.

I don't know how often I have watched that scene. I've spooled back to it over and over again on my DVD in order to remind me that in the whirlpool of agitation, violence and chaos, there is silence.

Silence is rarely celebrated in our culture, which is dominated by visual and emotional stimulation. Everywhere there are images and words that demand attention, so that many people have great difficulties in quieting their minds in one particular place. To sit still and do nothing for a few minutes can even be too much for people. In this respect, silence is a different kind of stimulation than the words and images that are imposed on us by the external environment. The stimulation of silence comes from within. It demands inactivity and thereby opposes accepted values of society. Still, it is the prerequisite of cognitively taking in information and experiencing wonder and beauty with the senses wide open.

For the exhibition "Silence" four renowned artists, Finnbogi Pétursson, Finnur Arnar Arnarson, Haraldur Jónsson and Harpa Árnadóttir, have subjected themselves to silence and produced works of art in homage to it. They approach the subject in different ways, but they share the same goal, which is to create a situation where silence prevails.

Haraldur Jónsson has frequently tackled silence with the unseen and has used soundproof materials in his sculptures and installations. Thereby he deliberately works

with the experience of silence in a certain space. Haraldur is preoccupied with darkness where the void is complete and "nothing" exists, which results in unlimited possibilities of becoming "something". Haraldur's contribution to the exhibition "Silence" is called "Hella". It is a wall piece made of soundproof materials and therefore has a direct impact on the acoustics of the space. It also refers in form to the area itself, as the piece is formed after the blueprint of Reykjavik Art Museum in Hafnarhúsið; its architecture has disappeared into a black hole.


Harpa Árnadóttir drew attention to herself early on for quiet paintings with nuances in white that are quiet procedures in themselves, like a breath. The title of Harpa's installation, "They hang on the heavenly hooks (the tears) / I stand for a while under a roof of rain", is a sign of the artist's lyrical approach. But Harpa uses minimalism and her works—paintings, texts, sculptures and glass pieces—possess vicissitudes and emotional tranquility.

The silence in the works of Finnur Arnar Arnarson comes from everyday life. The week before the exhibition opened, he moved into the exhibition hall, slept there and ate his meals all alone. On the opening day, he moved out but left his traces there, the leftovers of everyday routine or invisible dreams that may still be hovering in the air. Here the silence is of existential origin, the aura of things that once existed but have now disappeared.

Finnbogi Pétursson is well known for creating extensive sound installations and site-specific works that refer to the forces of nature. Silence in Finnbogi's works exists between sound and movement, between cause and effect. Finnbogi is a techno-romantic, and he combines the technical and sublime (androgynous sublime). His work of art, "Moment", is subject to the same principles as the camera obscura, the originator of the photographic technique. The work is made using the same measurement as is used in filmmaking, i.e. 25 frames per second, and can be thought of as a visualized unit of time or a moment of tranquility.

The artworks in the exhibition are localized. They wrap the area in a shroud that becomes a sanctuary in the whirlpool of everyday activities and external stimulation. And like the raging bull in the neutral corner of the boxing ring, we stand in the eye of the tornado.

JBK Ransu



Finnbogi Pétursson (tölvuteikning af Stund/digital rendition of Moment).



Listasafn Reykjavíkur  
Reykjavík Art Museum



## Fræðsla

### Sýningarstjóraspjall

Sunnudag 10. febrúar, kl. 15 – A-Salur Hafnarhúss  
JBK Ransu tekur þátt í leiðsögn um sýninguna. Hann fjallar um þema hennar og hvernig það birtist í einstökum verkum.

Fimmtudag 28. febrúar, kl. 20 – Fjölnotasalur Hafnarhúss  
JBK Ransu ræðir hugmyndirnar að baki sýningunni ásamt fræðimönnum úr öðrum greinum, listamönnum sem eiga verk á sýningunni og öðrum gestum.

### Listamannsspjall

#### A-Salur Hafnarhúss

Listamennirnir taka þátt í leiðsögnum um sýninguna. Þeir fjallar um eigin verk og hvernig þau tengjast viðfangsefni sýningarinnar.

Sunnudag 24. febrúar, kl. 15  
Harpa Árnadóttir

Sunnudag 9. mars, kl. 15  
Haraldur Jónsson

Sunnudag 6. apríl, kl. 15  
Finnur Arnar Arnarson

Sunnudag 20. apríl, kl. 15  
Finnbogi Pétursson

—> Fyrir börn  
Sunnudag 9. mars, kl. 14  
Opin listsmiðja og leiðsögn fyrir alla fjölskylduna þar sem þögnin er rannsókuð og notuð sem innblástur í eigin sköpun.

## Educational Programs Curator's Talk

Sunday February 10, 3pm – Gallery A, Hafnarhús  
JBK Ransu joins a guided tour of the exhibition to discuss its theme and its expression in the individual works

Thursday February 28, 8pm – Multi-purpose Hall, Hafnarhús  
JBK Ransu discusses the ideas behind the exhibition with scholars from other fields, the exhibiting artists, and other guests.

### Artist's Talk

#### Gallery A, Hafnarhús

The artists join guided tours of the exhibition to discuss their own works and how they relate to the subject matter of the exhibition.

Sunday February 24, 3pm  
Harpa Árnadóttir

Sunday March 9, 3pm  
Haraldur Jónsson

Sunday April 6, 3pm  
Finnur Arnar Arnarson

Sunday April 20, 3pm  
Finnbogi Pétursson

—> For children and adults in their company

Sunday March 9, 2pm  
Open art workshop and guided tour for the whole family in which silence will be explored and provide inspiration for participants' own creative projects.

## Opíð Opening hours

**Hafnarhús** Tryggvagata 17, daglega/daily 10–17  
Fimmtudaga/Thursdays 10–22

**Kjarvalsstaðir** Flókagata, daglega/daily 10–17

**Ásmundarsafn** Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum, Sigtún  
1.5–30.9. daglega/daily 10–16  
1.10.–30.4. daglega/daily 13–16

## Ókeypis aðgangur

Free admission

## Alla sunnudaga kl. 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstaðum og í Hafnarhúsi.

Guided Tours in English Thursdays at 3 pm. at Kjarvalsstaðir

Í boði er táknaðstúlkun við sunnudagsleiðsögn; panta þar tólkun með minnst viku fyrirvara.

Hægt er að panta leiðsögn fyrir hópa 10–50 gesta. Hægt er að fá leiðsögn á erlendum tungumálum.

Upplýsingar fraedsludeild@reykjavik.is



Bergunblaðið



www listasafnreykjavikur.is

listasafn@reykjavik.is

sími +354 590 1200

fax +354 590 1201